

25. janúar 2019

Endurskoðun félagsvísa *Revision of Social Indicators*

Samantekt Félagsmálaráðuneytið¹ og Hagstofa Íslands hafa frá árinu 2012, að frumkvæði Velferðarvaktarinnar, safnað og birt árlega ýmiss konar samfélagslegar mælingar undir yfirskriftinni félagsvísar. Frá þeim tíma hefur orðið mikil þróun í sams konar vísam hjá öðrum hagstofum og alþjóðastofnunum sem gaf tilefni til endurskoðunar á félagsvísam. Markmið endurskoðunarinnar er að skýra nánar hvað vísarnir eigi að mæla, meta gæði mælinga og útskýra hugtök félagsvísa með hliðsjón af þeirri þróun sem hefur átt sér stað erlendis. Jafnframt var farið kerfisbundið yfir þær mælingar sem gefnar hafa verið út undir yfirskrift félagsvísa hérlandis. Mótaður var rammi félagslegrar velferðar sem var ætlað að vera í senn réttmætur, hnitmiðaður og tæmandi. Skilgreind var 41 tölfræðileg mælistika sem kallast félagsvísar. Hver og einn félagsvísir er mæling á ákveðinni vídd félagslegrar velferðar, en víddir eru ellefu talsins. Veik félagsleg staða snýst ekki bara um lágar tekjur, heldur getur skortur leynst á mörgum sviðum. Sá sem skortir bæði öryggi, félagsleg tengsl og heilsu gæti verið í verri stöðu en sá sem býr eingöngu við laka heilsu. Með því að horfa til margra vídda félagslegrar velferðar á sama tíma, er hægt að gera fjölbættum skorti og ójöfnuði betur skil. Nýjum ramma félagsvísa er ætlað að auðvelda samanburð á félagslegri stöðu milli samfélagshópa. Framvegis verður birt kjarnaútgáfa félagsvísa þar sem staða almennrar félagslegrar velferðar verður metin árlega. Í sérútgáfum félagsvísa verður félagsleg staða mismunandi samfélagshópa skoðuð eða kafað dýpra ofan í ákveðna vídd félagslegrar velferðar. Auk þessa verða gerðar endurbætur á miðlun félagsvísa.

Abstract Since 2012, the Ministry of Social Affairs² and Statistics Iceland have annually collected and published various social indicators at the initiative of the Welfare watch. Since then, similar indicators have been developed by other statistical offices and international organizations which called for a revision of the Icelandic social indicators. The aim of the revision was to clarify what the indicators should measure, assess the quality of the indicators, and justify the conceptual framework of social indicators in the light of recent developments. Furthermore, a systematic review of previous publication of social indicators was conducted. The result was a conceptual framework of social well-being that is meant to be valid, parsimonious and exhaustive. The 41 statistical measures called social indicators were defined. Each social indicator measures a certain dimension of social well-being. The dimensions are eleven in total. Deprivation can be multifaceted, as people can lack more than just income. A person who lacks safety, social connections and health can be worse off than an individual who only has poor health. By exploring many dimensions of social well-being simultaneously, multiple deprivation and inequality of social well-being can be better understood. The new conceptual framework of social

¹ Áður Velferðarráðuneytið

² Previously Ministry of Welfare

indicators was designed to facilitate comparisons of well-being between different groups of people. The re-evaluation presents plans for annual publication of social well-being of the population in general. In thematic issues of social indicators, social well-being of different groups of people will be delved into or particular dimensions of social well-being examined in depth. In addition, improvements will be made of the dissemination of social indicators.

Inngangur

Velferðavaktin kom félagsvísa verkefninu af stað

Í mars 2009 samþykkti þáverandi ríkisstjórn Íslands tillögu Velferðavaktarinnar að setja af stað vinnu við að safna saman ýmiskonar samfélagslegum mælingum undir yfirskriftinni félagsvísar. Markmið vísanna var að draga upp heildarmynd af ástandi þjóðarinnar þar sem velferð, heilbrigði, vellíðan og þarfir íbúanna voru í brennidepli. Félagsvísarnir áttu að nýtast sem tæki til að greina hópa í vanda, þar sem samfélagslegar aðgerðir og þjónusta skiluðu ekki tilætluðum árangri, auk þess að auðvelda stjórnvöldum og almenningi að fylgjast með þróun og breytingum í samfélaginu. Vísarnir áttu jafnframt að styðja við stefnumótun stjórnvalda.

Á grundvelli samnings sem Velferðarráðuneytið gerði við Hagstofu Íslands var fyrsta útgáfa félagsvísa gefin út árið 2012. Í fyrstu útgáfunni var 55 félagsvísur skipt í flokkana lýðfræði, jöfnuð, sjálfbærni, heilsu og samheldni. Ári síðar hafði vísunum fjölgað um einn en fjöldi og heiti flokkanna voru enn þau sömu. Árið 2014 hafði vísunum fjölgað í 67 og voru þeir flokkaðir í lýðfræði og virkni, lífskjör og velferð, heilsu og samheldni. Árið 2015 var vísunum fækkað í 45 en sömu flokkar voru notaðir. Árið 2016 hafði þeim fjölgað í 49 vísa og floknum samheldni var skipt út fyrir flokkinn börn. Árið 2017 voru vísarnir aftur orðnir 45 og þeim skipt í flokkana lýðfræði, menntun, atvinnu, lífskjör og velferð, heilsu og börn.

Hver félagsvísir fyrir sig er gagnlegur en afurðin er engu að síður mikil ofgnótt upplýsinga sem erfitt er að hafa yfirsýn yfir

Af þessum breytingum má sjá að nokkuð vantaði upp á að skýrt væri hvers vegna tilteknir vísar urðu fyrir valinu, af hverju vísunum hafði verið bætt við eða þeir teknir út, og hvaða heildarmynd vísarnir áttu að gefa. Ennfremur var óljóst hvaða forsendur lágu að baki flokkun vísanna. Sami vísir (t.d. atvinnuleitendur) hefur verið talinn til þriggja mismunandi flokka eftir því hvaða útgáfuár er átt við (t.d. sjálfbærni, lýðfræði og virkni, og atvinna). Það bendir til þess að grundvöllur flokkunarinnar sé óskýr, auk þess sem hvergi er að finna lýsingar eða rökstuðning á flokkunarkerfi félagsvísanna.

Vísarnir komu í kjölfar hrunsins, og nú 10 árum seinna er kominn tími á endurskoðun

Í ljósi þessa er æskilegt að halda áfram þróun félagsvísana og leggja áherslu á að skýra hugtakaramma þeirra. Í þeirri vinnu er hægt að horfa á þá þróun sem hefur átt sér stað í alþjóðlegum mælingum á félagslegri velferð. Frá því að vinna hófst við gerð íslensku félagsvísanna hefur átt sér stað mikil gróska og þróun hjá öðrum stofnunum í velferðamælingum. Sem dæmi má nefna Better life index sem gefinn er út af OECD og Quality of life indicators sem er gefinn út af Eurostat. Að auki hafa Norðurlöndin í sameiningu unnið að tillögum að norrænum velferðarvísunum (NOVI). Æskilegt er að byggja á vinnu þessara aðila og fleiri þegar íslensku félagsvísarnir verða þróaðir áfram.

Hvað eru félagsvísar?

Mörg mismunandi hugtök notuð til að lýsa áþekkingum fyrirbærum

Í upphafi var markmið félagsvísa að draga upp heildarmynd af velferð, heilbrigði, vellíðan og þörfum íbúanna. Mörg mismunandi hugtök hafa verið notuð til að lýsa áþekkingum fyrirbærum. Lífsánægja, lífsgæði, lífskjör, sæld, hagsæld, velferð, velmegun, blómlegt samfélag, bjargir o.s.frv. Hvert og eitt hugtak getur haft einstaka merkingu en þau skarast engu að síður.

Mikil gróska hefur átt sér stað í skilgreiningum og mælingum á félagsvísunum undanfarin ár

Fræðasamfélagið hefur í nokkra áratugi átt í líflegum rökræðum um skilgreiningar og mælingar á vísunum sem svipar til félagsvísa. Félagsvísar (Social indicators) voru mikið til umræðu uppúr 1970. Meðal annars gaf OECD út skýrslu á mælingum á

social well-being árið 1976. Þó að hugtökin og skilgreiningarnar séu enn til umræðu þá markaði skýrsla Stiglitz, Sen og Fitoussi (2009) nokkur tímamót í opinberum mælingum af efnahagslegum og félagslegum árangri. Í kjölfar „Beyond GDP“ skýrslunnar, eins og hún er oft nefnd í daglegu tali, þróuðu ýmsar hagstofur og alþjóðleg samtök með sér svipaðan hugtakaramma. OECD löndin, Eurostat, Norðulöndin og Social Progress Index þróuðu öll mælingar á velferð sem byggja á því að mæla velferðar útkomur. Þetta þýðir að reynt er eftir bestu getu að mæla hluti sem eru í eðli sínu mikilvægir fyrir líf fólks og hafa bein áhrif á líf þeirra. Þetta hefur í för með sér að innspýtingar í ýmsa málaflokka falla fyrir utan hugtakaramman. Í stað þess að mæla til dæmis hversu miklum fjármunum er varið í læknaþjónustu er heilsa þjóðarinnar mæld. Fjármunum getur verið vel varið eða illa varið, og það er flókið samspil margra þátta sem getur haft áhrif á heilsu. Að mæla þætti sem hafa óbein áhrif á velferð fólks fellur líka fyrir utan rammann. Sem dæmi er óvíst hvort að aukin lyfjagjöf sé merki um betri eða verri heilsu fólks í landinu. Aukin lyfjanotkun getur verið merki þess að fleiri fá viðeigandi meðferð, eða merki þess að heilsufari hraki. Lyfjanotkunin sjálf er því ekki útkoma félagslegrar velferðar en hún getur haft óbein áhrif á félagslega velferð. Því falla slíkar mælingar utan hugtakarammans.

Hugtakatré

Félagsvísunum er ætlað að mæla þætti sem eru í eðlu sínu mikilvægir fyrir líf fólks og hafa bein áhrif félagslega velferð þeirra

Til að skýra betur hvað félagsvísunum er ætlað að mæla, og til að fylgja þeirri hugtakapróun sem hefur átt sér stað hjá öðrum stofnunum, er lagt til að félagsvísar einkorðist við útkomu félagslegrar velferðar. Með útkomu félagslegrar velferðar er átt við þætti sem eru í eðli sínu mikilvægir fyrir líf fólks og hafa bein áhrif.

Félagsleg velferð er fjölbætt og skiptist í margar víddir

Til að skýra betur hvað er átt við með þessari skilgreiningu er hægt að notast við hugtakatré. Eins og sjá má á Mynd 1 er félagsleg velferð efst á trénu. Hugtakið félagsleg velferð er breitt, erfitt að skilgreina og ómögulegt að mæla beint. Einni grein neðar eru víddir félagslegrar velferðar. Hægt er að líta á víddir sem regnhlífarhugtak yfir þætti af svipuðum meiði sem taldir eru hafa áhrif á félagslega velferð. Heilsa og fjárhagur eru dæmi um víddir félagslegrar velferðar.

Félagsvísar eru tölfræðilegar mælingar á víddum félagslegrar velferðar


Á næstu grein fyrir neðan eru félagsvísarnir sjálfir. Félagsvísarnir tilheyra ákveðinni vídd og miða að því að mæla víddina. Mælingin gefur vísbendingu um stöðu félagslegrar velferðar innan hverrar víddar fyrir sig. Til dæmis er huglægt mat fólks á heilsufari sínu mæling á víddinni heilsu og meðalævilengd önnur mæling sömu víddar.

Staða félagsvísa getur verið mismunandi eftir samfélagshópum

Á neðstu greininni eru samfélagshópar. Þessi grein sýnir stöðu félagslegrar velferðar hjá mismunandi hópum. Til dæmis er mögulegt að gera sundurliðun á félagsvísunum eftir kyni, aldri, fæðingarlandi og svo framvegis.

Mynd 1. Hugtakatré félagsvísa

Figure 1. Conceptual diagram of social indicators



Hvaða áhrif hefur hugtakatréd á núverandi félagsvísa?

Fyrri útgáfur félagsvísa gera ekki skýran greinamun á víddum, félagsvísnum og samfélagshópum

Tilgangur hugtakatrésins er að skýra það sem félagsvísar eiga að mæla – það er útkomu félagslegrar velferðar. Þessar útkomur eru þættir sem hafa bein áhrif á félagslega velferð fólks og eru í eðli sínu mikilvægir fyrir líf þeirra. Auk þess skýrir hugtakatréd muninn á víddum, félagsvísnum og hópum. Samkvæmt hugtakatrénu verður hver kafli ein vídd og félagsvísarnir flokkast inn í þessar víddir. Í fyrri útgáfum félagsvísa er ekki nægilega greinilegur munur milli vídda, félagsvísa og samfélagshópa. Hægt er að nýta sér hugtakatréd til að yfirfara fyrri útgáfur félagsvísa. Niðurstaðan af slíkri yfirferð sýnir til dæmis að staða lífeyrisþega og fjöldi fatlaðra með þjónustu teljast ekki lengur til félagsvísa, heldur teljast lífeyrisþegar og fólk með fötlun frekar til samfélagshópa sem geta haft ákveðna félagslega stöðu.

Mikilvægt er að rökstyðja hvaða víddir, félagsvísa og samfélagshópa er best að skoða

Hugtakatréd myndar nauðsynlegan ramma fyrir verkefnið til að heildarmynd verði skýrari og hægt sé að skýra af hverju sumir vísar verða fyrir valinu en aðrir ekki. Mælikvarði á góða notkun á hugtakatrénu er að geta rökstutt það val sem á sér stað á hverri grein fyrir sig. Ekki er nóg að rökstyðja af hverju ákveðinn vísir varð fyrir valinu, heldur er mikilvægt að einnig rökstyðja val á víddum og samfélagshópum.

Skýrari hugtakarammi auðveldar samanburð á milli hópa

Með því að gera þennan greinamun skýrari er auðveldara að mæla og bera saman félagslega velferð mismunandi samfélagshópa. Í þessu samhengi hefur hugtakið velferðarójöfnuður verið notað, sem gengur út frá því að ójöfnuður eigi ekki aðeins við um fjárhag fólks, heldur getur verið til staðar á mörgum sviðum. Slíkur samanburður á velferð mismunandi hópa er ekki mögulegur ef mismunandi víddir og vísar eru notaðir til að skoða stöðu mismunandi hópa. Til dæmis, ef við viljum skoða velferð innflytjenda í samfélaginu er mikilvægt að horft sé til allra vídda félagslegrar velferðar. Sama ramma væri hægt að nota þegar félagsleg velferð fátækra barnafjölskyldna yrði mæld. Þá væri betur hægt að átta sig á félagslegri stöðu hvers samfélagshóps fyrir sig og bera saman innbyrðis.

Ef félagsleg staða ákveðins samfélagshóps er skoðuð bætist við ein grein í viðbót á hugtakatréd og getum við kallað þá grein undirhóp. Til dæmis er hægt að skipta hópnum innflytjendur frekar upp eftir kyni, aldri, o.s.frv.

Í kjarnaútgáfu félagsvísa er almenn staða íbúa skoðuð, í sérútgáfum er kafað dýpra

Þetta hugtakatré verður haft í huga við miðlun félagsvísa. Einu sinni á ári er kjarnaútgáfa félagsvísa gefin út. Í þeirri útgáfu verða gefnir út almennir félagsvísar, þar sem markmiðið er að gefa heildarmynd af stöðu félagslegrar velferðar fyrir alla íbúa landsins. Sérútgáfur félagsvísa gera nákvæmar grein fyrir ákveðnum málefnum, innan hugtakatrésins. Sérútgáfurnar munu annaðhvort skoða nánar

félagslega stöðu ákveðins samfélagshóps eða kafa dýpra ofan í ákveðna vídd. Eins og áður var sagt verður leitast við að skoða stöðu samfélagshópa fyrir allar víddir félagslegrar velferðar, og eins og unnt er að nota sömu félagsvísa og gefnir eru út í kjarnaútgáfunni. Þegar víddirnar eru skoðaðar nánar þá verður stuðst við sömu víddir og í kjarnaútgáfu félagsvísa, en horft verður til fleiri og nákvæmari félagsvísa sem tilheyra víddinni. Til dæmis væri hægt að fjalla sérstaklega um víddina atvinnu, og bæta við fleiri félagsvísnum tengdri atvinnu en í hinni hefðbundnu útgáfu félagsvísa.

Víddir félagslegrar velferðar

Hvaða víddir?

Fyrsta skrefið við að fá betri ramma í kringum félagsvísa er að rökstyðja af hverju ákveðin vídd félagslegrar velferðar hafi orðið fyrir valinu.

Vídd telst réttmæt ef hún nær utan um mikilvægan þátt félagslegrar velferðar á nákvæman hátt. Mælikvarði á slíkt réttmæti er að víddin sé almennt viðurkennd og notuð af öðrum.

Tíðar breytingar á flokkun félagsvísa benda til þess að flokkunin hafi verið ónákvæm

Hægt er að líta á kaflaskipti núverandi félagsvísa sem víddir félagslegrar velferðar. Flokkun félagsvísanna hefur tekið töluverðum breytingum í gegnum árin. Óljóst er á hverju flokkarnir byggja og því ekki víst að þessi flokkun styðjist við almennt viðurkenndan hugtakaramma um víddir félagslegrar velferðar. Auk þess hafa sumir vísar verið flokkaðir í mismunandi flokka á milli ára. Þetta bendir til þess að flokkarnir séu ekki nægilega nákvæmir.

Góð flokkun félagslegrar velferðar í víddir á að gefa hnitmiðaða og tæmandi mynd

Þar sem félagsleg velferð er fjölbætt hugtak þarf að styðjast við nokkrar víddir til að gefa heildstæða mynd. Það er þó ekki hægt að taka tillit til allra þátta og því verður að velja mikilvægustu víddirnar. Það er gert með því að tryggja að víddirnar¹

1. séu hnitmiðaðar og afmarkaðar (parsimonious)
2. gefi tæmandi mynd af félagslegri velferð (exhaustive)

Mikilvægt er að finna jafnvægi á milli fárra og hnitmiðaðra vídda og tæmandi vídda. Til að það sé mögulegt er mikilvægt að fara kerfisbundið yfir ástæður þess og rökstyðja að ákveðin vídd hafi orðið fyrir valinu og af hverju öðrum mögulegum víddum hafi verið hafnað.

Endurskoðun vídda byggði á tæmandi yfirliti yfir víddir sem aðrar sambærilegar stofnanir nota

Í þessum tilgangi var tekinn saman nokkuð tæmandi yfirlit yfir allar víddir félagslegrar velferðar sem aðrar stofnanir hafa notað (sjá viðauka 1 fyrir lista yfir heimildir). Markmiðið var að nota þessa yfirferð til að móta tillögu að safni félagslegra vídda sem væri í senn réttmætt, hnitmiðað og tæmandi. Þessi vinna liggur til grundvallar rökstuðningsins á valinu á víddum félagslegrar velferðar.

Einnig var tekið mið af alþjóðlegum pólitískum markmiðum, þar sem félagsvísnum er ætlað að nýtast við stefnumótun stjórnvalda. Því var skoðað hvernig hvort félagsvísarnir gætu hentað við mælingar á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og markmiðum Evrópusambandsins fyrir 2020. Þessi markmið höfðu ekki verið sett við upphaflega gerð félagsvísa en eru engu að síður mikilvæg að hafa til hliðsjónar.

Næsta skref var að sameina þá flokka sem þrátt fyrir mismunandi heiti mæla svipaða hluti. Nýtt val Hagstofu Íslands af víddum félagslegrar velferðar samræmist vel því sem aðrar hagstofur nota, tillögunni um norrænu velferðavísana

¹ Törnblom, K., & Kazemi, A. (2012). Some conceptual and theoretical issues in resource theory of social exchange. In K. Törnblom & A. Kazemi (Eds.), *Handbook of Social Resource Theory* (pp. 33-64). New York, NY, Springer. Doi: 10.1007/978-1-4614-4175-5

(NOVI), mælingum Eurostat á lífsgæðum (Quality of life), mælingum OECD á velferð (How's life?) og vísam fleiri landa. Þeir flokkar sem nýju víddirnar ná ekki yfir eru víddir sem fáir aðrir nota.

*Endurskoðaðar víddir
félagslegrar velferðar
samræmast öðrum flokkunum*

Markmiðið er að flokka félagsvísa í eftirfarandi víddir:

Tafla 1. Víddir félagslegrar velferðar samkvæmt Hagstofu Íslands

Table 1. Social well-being dimensions according to Statistics Iceland

Víddir félagslegrar velferðar	Dimensions of social well-being
1. Menntunarátt	1. Education dimension
2. Atvinnuvídd	2. Work dimension
3. Vídd jafnvægis milli atvinnu og einkalífs	3. Work-life balance dimension
4. Fjárhagsvídd	4. Personal finance dimension
5. Húsnæðisvídd	5. Housing dimension
6. Öryggisvídd	6. Security dimension
7. Velliðunarátt	7. Well-being dimension
8. Heilsuvídd	8. Health dimension
9. Vídd félagslegra tengsla	9. Social connection dimension
10. Lýðræðisvídd	10. Democracy dimension
11. Vídd umhverfisgæða	11. Environmental quality dimension

*Hægt er að flokka fyrri
félagsvísa í endurskoðaðar
víddir*

Þrátt fyrir fjölgun vídda frá síðustu útgáfu félagsvísa, myndi ný flokkun fela í sér minniháttar breytingar. Víddirnar menntun og atvinna eru þegar hluti af félagsvísam. Flokkurinn lífskjör skiptist í fjárhag og öryggi. Víddin jafnvægi milli atvinnu og einkalífs byggir á upplýsingum á við og dreif um núverandi félagsvísa. Flokkurinn heilsa skiptist í heilsu og velliðan. Víddirnar lýðræði og húsnæði hafa að hluta til verið með áður. Víddin félagsleg tengsl voru hluti af félagsvísam 2012-2015 en umhverfi er ný vídd.

Tafla 2. Yfirlit yfir þróun vídda félagslegrar velferðar*Table 2. Overview of the development of social well-being dimensions*

2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
		Lýðfræði og virkni <i>Demographics</i>		Lýðfræði og virkni <i>Demographics</i>		Fjárhagsvídd* <i>Finances</i>
Lýðfræði <i>Demographics</i>	...	<i>participation</i>	...	<i>participation</i>	Lýðfræði <i>Demographics</i>	<i>dimension*</i>
		Lífskjör og velferð <i>Quality of life</i>		Lífskjör og velferð <i>Quality of life</i>		Menntunarvídd* <i>Education</i>
Jöfnuður <i>Equality</i>	...	<i>and well-being</i>	...	<i>and well-being</i>	Menntun <i>Education</i>	<i>dimension*</i>
Sjálfbærni <i>Sustainability</i>	...	Heilsa <i>Health</i>	...	Heilsa <i>Health</i>	Atvinna <i>Work</i>	Atvinnuvídd* <i>Work dimension*</i>
					Lífskjör og velferð <i>Quality of life</i>	Velliðunarvídd* <i>Well-being</i>
Heilsa <i>Health</i>	...	Samheldni <i>Cohesion</i>	...	Börn <i>Children</i>	<i>and well-being</i>	<i>dimension*</i>
Samheldni <i>Cohesion</i>	...				Heilsa <i>Health</i>	Heilsuvídd* <i>Health dimension*</i>
						Vídd félagslegra tengsla† <i>Social connection</i>
					Börn <i>Children</i>	<i>dimension†</i>
						Umhverfis vídd‡ <i>Environmental</i>
						<i>quality dimension‡</i>
						Húsnæðisvídd† <i>Housing dimension†</i>
						Öryggisvídd* <i>Security dimension*</i>
						Lýðræðisvídd† <i>Democracy</i>
						<i>dimension†</i>
						Vídd jafnvægis milli atvinnu og einkalífs* <i>Work-life balance</i>
						<i>dimension*</i>

Skýringar: *Mælingar á þessari vídd hafa áður verið með í útgáfu félagsvísa, †Mælingar á þessari vídd hafa að hluta til verið með áður í útgáfu félagsvísa, ‡ Þessi vídd hefur ekki verið með í fyrri útgáfum félagsvísa.

*Notes. *Measurements of this dimension have been included in previous publications of the Icelandic social indicators system. † Measurements of this dimension have been partially included in previous publications of the Icelandic social indicators system. ‡ This dimension has not been included in previous publications of social indicators.*

Tafla 2 sýnir yfirlit yfir hvernig flokkarnir í félagsvísunum hafa breyst í gegnum árin, og hvernig nýju víddirnar samræmast gömlu flokkunum.

Með því að velja velferðarvíddir í samræmi við flokka sem önnur lönd og alþjóðastofnanir nota er frekar hægt að bera saman íslenskar og erlendar hagtölur.

Aukin samræming á flokkun félagsvísa auðveldar einnig að fylgjast með þróun velferðar hjá mismunandi hópum í samfélaginu.

Velferðarvíddir og heimsmarkmiðin

Tafla 3. Samanburður á víddum félagslegrar velferðar og heimsmarkmiðanna

Table 3. Comparison of the social well-being dimensions and the global goals

Víddir félagslegrar velferðar	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
<i>Social well-being dimensions</i>	<i>United nations global goals</i>
1. Menntunarvídd <i>Education dimension</i>	M4 (menntun) <i>G4 (education)</i>
2. Atvinnuvídd <i>Work dimension</i>	M8 (vinna) <i>G8 (work)</i>
3. Vídd jafnvægis milli atvinnu og einkalífs <i>Work-life balance dimension</i>	
4. Fjárhagsvídd <i>Finances dimension</i>	M1 (fátækt), M2 (hungur), M10 (jöfnuður) <i>G1 (poverty), G2 (hunger), G10 (equality)</i>
5. Húsnæðisvídd <i>Housing dimension</i>	M11 (borgir) <i>G2 (cities)</i>
6. Öryggisvídd <i>Security dimension</i>	
7. Vellíðunarvídd <i>Well-being dimension</i>	M3 (heilsa og vellíðan) <i>G3 (health and well-being)</i>
8. Heilsuvídd <i>Health dimension</i>	M3 (heilsa og vellíðan) <i>G3 (health and well-being)</i>
9. Vídd félagslegra tengsla <i>Social connection dimension</i>	
10. Lýðræðisvídd <i>Democracy dimension</i>	M16 (stofnanir) <i>G16 (institutions)</i>
11. Vídd umhverfisgæða <i>Environmental quality dimension</i>	M6 (vatn), M11 (borgir).... <i>G6 (water), G11 (cities)</i>

Endurskoðuðu víddir félagslegrar velferðar samrýmast heimsmarkmiðunum

Eins og sjá má í Töflu 3, þá er nokkuð gott samræmi milli velferðavíddanna og heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna. Með því að taka mið að heimsmarkmiðunum og 2020 stefnu Evrópu verður skýrara hvernig stjórnvöld geta notað félagsvísa við stefnumótun.

Hvaða félagsvísar?

Markmið félagsvísa er að gefa góða mynd af viddinni sem þeir mæla

Þar sem félagsvísar eiga að gefa vísbendingu um félagslega velferð í samfélaginu, og vegna þess að margir þættir hafa áhrif á félagslega velferð, er mikið magn mælinga sem geta talist til félagsvísa. Það sem aðgreinir félagsvísa frá öðrum hagtölum er að vísarnir veita sameiginlega yfirgripsmikla heildarmynd af stöðu félagslegrar velferðar innan hverrar viddar. Til að slík yfirsýn sé möguleg er mikilvægt að hafa ekki of marga vísa. Vísarnir eiga að gefa vísbendingu um ástand viddarinnar en ekki gefa tæmandi mynd af öllum þeim þáttum sem skipta máli innan hverrar viddar.

Fyrst um sinn er gott að mæla nýju viddirnar með gögnum sem Hagstofan safnar nú þegar. Með því getur Hagstofa Íslands bæði tryggt gæði mælinganna og ábyrgst tímanleika í útgáfu talnaefnisins. Í þessu samhengi er því mikilvægt að skoða núverandi félagsvísa og sjá hvernig þeir passa inn í nýju viddirnar. Margir vísanna sem gefnir eru út í félagsvísunum eru mjög gagnlegir og því óþarfi að kasta þeim fyrir röða. Í núverandi endurskoðun félagsvísa er eftir fremsta megni reynt að nota þá vísa sem eru þegar hluti af verkefninu. Hins vegar er mikilvægt að til framtíðar muni félagsvísarnir þróast stöðugt til að taka mið að samfélagslegum breytingum og framförum í mælingum.

Gæðamat

Lagt er til að félagsleg velferð verði mæld með 41 félagsvísi

Endurskoðunin á félagsvísunum fólst í því að fara kerfisbundið yfir þær mælingar sem gefnar hafa verið út undir yfirskrift félagsvísa. Markmið endurskoðunarinnar var að flokka félagsvísana inni nýju viddirnar og velja vísa af sem bestum gæðum. Gerður var nýr rammi fyrir gæðamat félagsvísa, til að rökstyðja val á vísunum.

Félagsvísir af góðum gæðum mælir niðurstöður félagslegra velferðar hjá einstaklingum á viðurkenndan, tímanlegan, nákvæman og réttmætan hátt.

Þegar einstökum vísunum er bætt við eða teknir út úr heildarsafni félagsvísa er mikilvægt að rökstyðja það val rækilega. Til að styðja við þá vinnu voru eftirfarandi skilyrði sett fram en þau byggja að mestu leyti á gæðaramma sem settur var fram af Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat)¹, skýrslu OECD um well-being² og skýrslu um norræna velferðarvísa (NOVI)³. Góður vísir er sá sem fullnægir skilyrðunum að neðan að öllu leiti eða að hluta til.

1. Horft er til **fólks** þegar mælingar eru gerðar (einstaklinga og/eða heimila).
2. **Niðurstöður** félagslegrar velferðar sem eru með beinum hætti þýðingamiklar fyrir fólk og eru í eðli sínu mikilvægar, en ekki áhrifavaldar eða afleiðingar þessara niðurstaðna. (Frekar að mæla hvort fólk hafi orðið fyrir glæpum, heldur en fjölda lögregluþjóna).
3. Hefur möguleika á því að **breytast** og verða fyrir áhrifum breyttrar stefnu stjórnvalda.
4. Almennt **viðurkennd** mæling sem er notuð víða.
5. Sambærileg yfir **tíma** (endurtekin mæling).
6. Að mælingin sé **tímanleg**.
7. Að viðeigandi **niðurbrot** til að greina undirhópa og dreifingu sé mögulegt.
8. Að mælingin sé **nákvæm** (precise).
9. **Réttmæt mæling** á viddinni (conceptual validity). Val á félagsvísunum miðar að því að ná sem best yfir viddina, með eins fáum mælingum og hægt er. Þegar best lætur er hver vídd mæld með 3-5 mælingum. Því er mikilvægt að velja félagsvísa sem eru ólíkir sín á milli, svo þeir geti gefið bæði hnitmiðaða og yfirgripsmikla mynd af viddinni, án þess að mæla aðra vídd.

¹ [European statistics code of practice. \(2017\). Eurostat.](#)

² [OECD \(2017\). How's Life? 2017: Measuring Well-being. OECD Publishing, Paris. \[http://dx.doi.org/10.1787/how_life-2017-en\]\(http://dx.doi.org/10.1787/how_life-2017-en\)](#)

³ [A Nordic Welfare Indicator System \(NOVI\). \(2016\). Report for the Nordic Council of Ministers.](#)

10. Að Hagstofa Íslands geti **ábyrgst gæði** mælingarinnar og auðgað með skráar- og mannfjöldaupplýsingum
11. Að félagsvísarnir uppfylli **þarfir notenda**.

Niðurstaða endurskoðunarinnar má sjá í töflu 4. Hafa ber í huga að í sumum tilvikum ná félagsvísarnir ekki að fullnægja öllum liðum gæðamatsins. Til dæmis eru mælingar á félagslegum tengslum ekki hluti af árlegum mælingum Hagstofu Íslands og því geta þeir félagsvísar ekki verið gefnir út jafn oft og hinir vísarnir. Sumar víddir eru eins og stendur bara mældar með tveimur vísnum og í þeim tilvikum er ólíklegt að félagsvísarnir einir og sér náí að mæla víddina á réttmætan hátt. Markmið gæðamats félagsvísa er að gæðamatið nýtist sem tæki til þess að stöðugt leitast eftir því að fullnægja betur skilyrðum gæðamatsins.

Þessi endurskoðun félagsvísa á við um kjarnaútgáfu félagsvísa. Í árlegri kjarnaútgáfu félagsvísa verða þeir brotnir niður eftir kyni, aldri og tekjubílum eins og unnt er. Þegar samfélagshópar eru skoðaðir sérstaklega í sérútgáfum félagsvísa er mikilvægt að taka mið af þessum kjarna félagsvísnum svo hægt sé að gera samanburð á milli félagslegrar stöðu ákveðins samfélagshóps og þjóðarinnar almennt. Þó er mikilvægt að hafa í huga að viðeigandi niðurbrot er ekki alltaf mögulegt fyrir alla félagsvísa þegar verið er að skoða minni samfélagshópa. Gögn félagsvísa koma úr ýmsum áttum og byggja bæði á upplýsingum frá skráum og úrtaksrannsóknnum. Í tilvikum þar sem niðurbrot reynist erfitt getur verið mikilvægt að styðjast við félagsvísa sem byggja á skráargögnum sem ná til allrar þjóðarinnar, þar sem slík gögn bjóða upp á nákvæmara niðurbrot en gögn sem koma úr úrtaksrannsóknnum.

Tafla 4. Endurskoðaðir félagsvísar

Table 4. Revised social indicators system

	Tekjur heimila	Household income
	Heimili með fjárhagsaðstoð	Households with financial assistance
	Skuldir heimila	Household debt
	Eignir heimila	Household assets
	Lágtekjumörk	Risk of poverty rate
Fjárhagsviðd	Skortur á efnislegum gæðum	Material deprivation
<i>Finances dimension</i>	Verulegur skortur á efnislegum gæðum	Severe material deprivation
	Skólasókn í leikskóla	Enrolment in primary school
	Skólasókn í framhaldsskóla	Enrolment in upper secondary school
Menntunarviðd	Skólasókn í háskóla	Enrolment in tertiary school
<i>Education dimension</i>	Atvinnuþátttaka	Employment rate
	Hlutfall sem er hvorki í menntun, vinnu eða þjálfun	Not in education, employment, or training (NEET)
	Atvinnuleysi	Unemployment rate
	Fólk utan vinnumarkaðar	Inactive
	Langtíma atvinnuleysi	Long term unemployment
Atvinnuviðd	Hlustastarf í óþökk	Involuntary part-time rate
<i>Work dimension</i>	Mat á eigin heilsu	Self-perceived health
	Takmarkanir á daglegu lífi vegna heilsufars	Self-reported long-standing limitations due to health problems
	Neita sér um heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar	Unmet needs for health care due to cost
	Neita sér um tannlæknþjónustu vegna kostnaðar	Unmet needs for dental care due to cost
Heilsuviðd	Lífsánægja*	Life satisfaction*
<i>Health dimension</i>	Mat á tíðni hamingju undanfarin mánuð*	Frequency of feeling happy the last month*
	Félagslegt tengslanet*	Social network*
	Þátttaka í félagslífi*	Participation in social activity*
Velliðunarviðd	Félagslegur stuðningur*	Social support*
<i>Well-being dimension</i>	Hlutfallslega íþyngjandi húsnæðiskostnaður	Housing cost burden
	Vanskil húsnæðislána eða leigu	Arrears of payment
	Upplifuð byrði húsnæðiskostnaðar	Subjective housing cost burden
	Þröngbýli	Overcrowding
Húsnæðisviðd	Lélegt húsnæði	Problems with housing
<i>Housing dimension</i>	Dauðsföll af völdum slysa	Deaths due to accidents
	Glæpir og ofbeldi í nærumhverfinu	Experiences problems with crime and violence
Öryggisviðd	Vinnustundir á viku	Work hours per week
<i>Security dimension</i>	Óhefðbundinn vinnutími	Non-standard work hours
	Fæðingarorlof	Parental leave
Vídd jafnvægis milli atvinnu og einkalífs	Traust til stjórnvalda*	Trust in government*
<i>Work life balance dimension</i>	Traust á stjórnmálaflokka*	Trust in political parties*
	Þátttaka í Alþingiskosningum†	Participation in parliamentary elections
Lýðræðisviðd	Þátttaka í sveitastjórnarkosningum†	Participation in municipal elections
<i>Democracy dimension</i>	Hávaði í nærumhverfinu	Experiences problems with noise
Vídd umhverfisgæða	Upplifuð mengun og óhreinindi	Experiences pollution and grime
<i>Environmental quality dimension</i>		

Skýringar: * Stjórnumerktir vísar eru ekki mældir árlega †Vísar sem aðeins eru mældir þau ár sem kosningar eiga sér stað. **Notes:** *The following indicators are not measured annually †Indicators that only are measured when elections are held

Hvaða samfélagshópar?

Allt frá byrjun félagsvísa hefur verið sérstakur áhugi á því að skoða stöðu einstaklinga, heimila og þjóðfélagshópa undir lágtekjumörkum sem búa við skort á efnislegum gæðum. Áfram verður lögð áhersla á að fylgjast með stöðu þeirra sem búa við skort á efnislegum gæðum.

Gert er ráð fyrir sveigjanleika í hvaða samfélagshópar séu teknir til skoðunar í sérheftum félagsvísa. Til þess að félagsvísar nýtist stjórnvöldum og almenningi í því að fylgjast með samfélagslegri þróun er mikilvægt að hægt sé að bregðast við þjóðfélagsbreytingum sem varða sérstaka hópa á hverjum tíma fyrir sig. Til þess að hægt sé að setja slíka skoðun í samhengi er mikilvægt að hver samfélagshópur sé skoðaður á samanburðahæfan máta. Því setja víddirnar og félagsvísarnir ákveðinn ramma kringum skoðun samfélagshópanna í sérheftunum.

Samfélagshópar verða að vera nógu stórir svo hægt sé að fá áreiðanlegar niðurstöður

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að hvaða samfélagshópur sem er geti verið tekin til skoðunar í sérheftum félagsvísa, þá eru í raun viss skilyrði sem þarf að fullnægja til að það sé mögulegt. Í fyrsta lagi verður samfélagshópurinn að vera vel skilgreindur hópur. Í öðru lagi verður hópurinn að vera nægilega stór til að hægt sé að fá áreiðanlegar tölfræðilegar niðurstöður. Ef áhugi er á mjög fámennum hópum, eða jaðarsettum hópum, þarf að fara sérstaklega yfir hvort slík skoðun sé gerleg innan ramma félagsvísa. Í þriðja lagi verður Hagstofa Íslands að hafa aðgang að upplýsingum um tiltekinn samfélagshóp svo hægt sé að taka hann til skoðunar.

Miðlun félagsvísa

Á grundvelli samnings sem velferðarráðuneytið (nú félagsmálaráðuneytið) gerði við Hagstofu Íslands hefur félagsvísur verið miðlað á vef ráðuneytisins í skýrslu með töflum og tölum sem erfitt hefur verið að ná yfirsýn yfir.

Til að nýta betur innviði Hagstofu Íslands verða félagsvísarnir framvegis birtir á vef Hagstofu Íslands en jafnframt verður settur tengill í félagsvísa á vef félagsmálaráðuneytisins. Upplýsingunum verður miðlað í gagnvirkum töflum, þar sem notandinn getur valið félagsvísi, tímabil og niðurbrot. Auk þess verða gefin út hagtíðindahefti þar sem lykiltölur verða settar í samhengi. Með því að birta félagsvísana á vef Hagstofu Íslands geta félagsvísar til framtíðar tekið mið af almennri þróun innviða og miðlunar hjá Hagstofu Íslands.

Viðauki 1. Heimildir fyrir yfirlit vídda félagslegrar velferðar

Appendix 1. List of references for the overview of social welfare dimensions

Yfirlitsskýrslur og efni fjölþjóðlegra stofnana

[Eurostat: Quality of life](#)

[Eurostat: Final report of the expert group on quality of life indicators](#)

[OECD: How's life? 2017](#)

[Nordic welfare indicator system \(NOVI\)](#)

[Stiglitz, J. E., Sen, A., & Fitoussi, J. P. \(2009\). Measurement of economic performance and social progress.](#)

[European system of social indicators \(GESIS\)](#)

[Social protection performance monitor](#)

[Human Developmental Index](#)

[Nordic Regional Potential Index](#)

[Social Progress Index](#)

Hagstofur

[Íslensku félagsvísarnir 2012 – 2017](#)

[Hagstofa Danmerkur](#)

[Hagstofa Svíþjóðar](#)

[Hagstofa Finnlands](#)

[Hagstofa Noregs](#)

[Hagstofa Bretlands](#)

[Hagstofa Spánar](#)

[Hagstofa Portúgal](#)

[Hagstofan í Sviss](#)

[Hagstofa Frakklands](#)

[Hagstofa Þýskalands](#)

[Hagstofa Ítalíu](#)

[Hagstofan í Luxembourg](#)

[Hagstofan í Póllandi](#)

[Hagstofan í Austurríki](#)

Alþjóðleg markmið

[Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 2020](#)

[Europe 2020 strategy](#)

Hagtíðindi
Statistical Series

104. árg. • 1. tbl.

ISSN 1670-4770

Greinargerð
Working papers

25. janúar 2019

Umsjón *Supervision* Gró Einarsdóttir • gro.einarsdottir@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.